

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1987

Nr. 73

240

7. september 1987

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 7. september 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 74

10. september 1987

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 10. september 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 75

14. september 1987

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

**um að Alþingi skuli koma saman til fundar
laugardaginn 10. október 1987.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1987.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1987.

Þorsteinn Pálsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Magnús Thoroddsen.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 91 31. des. 1986, um breytingu á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga, laga nr. 19 5. apríl 1968, laga nr. 42 16. apríl 1971, laga nr. 50 25. apríl 1973, laga nr. 68 21. maí 1974, laga nr. 44 16. maí 1977, laga nr. 59 31. maí 1979, laga nr. 44 11. maí 1982, laga nr. 55 30. maí 1984 og laga nr. 52 7. maí 1986 inn í lög nr. 68 10. október 1967 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði með því að veita stofnlán og styðja við almennt umbótastarf í iðnaði.

2. gr.

Iðnlánasjóður er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með iðnaðarmál.

3. gr.

Iðnaðarráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

Reikningar Iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur á hendi samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

5. gr.

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. 0,25% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu. Skal það lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkvæmt V. kafla laga nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna